

Heiti áfanga: JARÐ2BN05

Titill: Náttúruvár og náttúruhamfarir.

Staða áfanga: Áfanginn er valáfangi á öllum brautum eða kjörsviðsáfangi.

Undanfarar: Nemendur þurfa að hafa lokið einum af eftirfarandi áföngum:
JARÐ2AA05 eða EÐLI2AQ05 eða EFNA1AQ05.

Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga:

Stutt lýsing á efni áfangans:

Áfanginn fjallar um þau ferli jarðar, innræn og útræn, sem geta snúist upp í náttúruhamfarir. Gerð er grein fyrir helstu náttúruhamförum, dæmi tekin af umfangsmiklum nýafstöðnum hamförum í heiminum og skoðað hvernig þær hafa haft keðjuverkandi áhrif á náttúru og samfélag. Einnig er fjallað um manngerða vá, varnir gegn hamförum og viðbrögð. Áhættusvæði á Suðurlandi eru skoðuð í vettvangsferð.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Náttúruvár: Jarðskjálftar og flóðbylgjur, eldgos og gjóskuflóð, skriðuföll og aurflóð, djúpar lægðir, fellibyljir, skýstrókar/hvirfilbyljir, flóð á landi, þurrkar og gróðureldar, manngerð vá, áhrif loftslagsbreytinga á náttúruvá.

Varnir og viðbrögð: fyrirbyggandi aðgerðir, spár, almannavarnir og viðvörunarkerfi, viðbúnaður og hjálparstarf.

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi. Námsmat byggir á áfangaprófum, smærri verkefnum og sérstöku lokaverkefni.